

**Nd.**

**452. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924. (Sauðfjárbaðanir).

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu og Tryggvi Þórhallsson.

Á eftir orðunum »með ráði dýralæknis« í 1. gr. laganna kemur:

Þó má með samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins einnig nota Coopers baðlyf.

**Greinargerð.**

Víðsvegar af landinu, og einkum úr kjördæmum okkar flutningsmanna, hafa þinginu borist áskoranir um að setja lög þess efnis, er frv. þetta fer fram á, og má svo segja, að það sje alþjóðarvilji, en hann styðst við reynslu manna\_sjálfra í þessum efnun.